

## *Fundargerð aðalfundar*

### **Þekkingarsetur Vestmannaeyja**

Aðalfundur Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. var haldinn miðvikudaginn 24. maí 2017 og hófst kl. 10.30 í fundarsal á jarð hæð að Strandvegi 50, Vestmannaeyjum.

Til aðalfundarins var boðað skriflega og með tölvupósti 10. maí sl. í samræmi við samþykktir félagsins og ítrekað 22. maí sl. Á ársfundinn mættu fulltrúar frá 12 stofnaðilum. Elliði Vignisson, formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Fundurinn samþykkti tillögu um að Arnar Sigurmundsson annaðist fundarstjórn og Páll Marvin Jónsson fundarritun.

#### **1.mál. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra**

**Skýrsla stjórnarformanns.** Formaður stjórnar, Elliði Vignisson gerði grein fyrir störfum stjórnar. Í stjórn Þekkingarsetursins á síðasta starfsári voru ásamt formanni þau Arnar Sigurmundsson, Páll Guðmundsson, Sveinn Margeirsson, Sigurður Guðjónsson, Sæunn Stefánsdóttir og Thelma Hrund Kristjánsdóttir. Í framkvæmdastjórn ÞSV eru auk Elliða formanns, Arnar Sigurmundsson, varaform. og Páll Marvin Jónsson, frkvstj. Alls voru haldnir 4 stjórnarfundir á tímabilinu og þess á milli hefur framkvæmdastjórn ÞSV komið saman að 20 sinnum á formlegum og óformlegum fundum.

Helstu verkefni stjórnar og framkvæmdastjórnar hafa snúið að uppbyggingunni á hinum svokallaða Fiskiðjureit þar sem nú standa yfir framkvæmdir á nýrri aðstöðu fyrir starfsemi Þekkingarsetursins.

Nú hafa staðið yfir viðræður á annað ár við alþjóðlegt fyrirtæki að nafni Merlin um uppbyggingu á nýju fiskasafni í Vestmannaeyjum og starfsemi í tengslum við það. Þetta hafa verið góðar og gefandi viðræður og í rauninni til mikils að vinna bara fyrir það að hafa aðgang að þeirra sérfræðingum í uppbyggingu, rekstri og markaðssetningu á slíkri starfsemi.

Það var ánægjulegt að sjá nýtt háskólanám verða að veruleika á árinu og vil ég þakka þeim fjölmörgu aðilum sem koma að þessari vinnu. Um er að ræða Diplomanám í Haftengdri Nýsköpun við HR sem unnið er í nánun samstarfi við sjávarútvegsdeildina hjá Háskólanum á Akureyri og atvinnulífið í Vestmannaeyjum.

Námið fór vel af stað og var sérlega ánægjulegt að verkefnahugmynd sem unnin var af nemendum í náminu hlaut Guðfinnuverlaunin svokölluðu og vann til verðlauna sem besta hugmyndin í nýsköpunarsamkeppni innan skólans. Á þremur vikum tókst nemendum í náminu að setja upp viðskiptaáætlun um framleiðslu og markaðsetningu á bjórsmakki unnu úr þurrkaðri Keilu. Var ég svo heppinn að taka þátt í smökkun á framleiðslunni og verður að segjast að hugmyndin og varan er hreint með afbrigðum góð.

Það er ljóst að staðsetning námsins í Vestmannaeyjum og hið nána samstarf við atvinnulífið í Eyjum hefur haft sitt að segja. Framtíð námsins hér í Eyjum er undir því komið hvernig tekst til að ná til nemenda og halda sérstöðunni með öflugum samstarfi við atvinnulífið.

Undir lok síðasta árs var gerður þjónustu- og samstarfssamningur við Vestmannaeyjabæ vegna starfsemi Náttúrustofu Suðurlands. Með samningnum tekur Þekkingarsetur Vestmannaeyja að sér aukna þjónustu og samstarf við Náttúrustofu Suðurlands í umboði stjórnar NS og Vestmannaeyjabæjar. Samningurinn tók gildi 1. janúar 2017. Starfsemi NS fellur undir lög um Náttúrufræðistofnun Íslands, stofan er lögaðili, en Vestmannaeyjabær eigandi og ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri NS. Það er stefna samningsaðila að fjölga verkefnum NS og auka samstarfið við ÞSV en í því felst m.a. samnýting starfsfólks og aðstöðu.

ÞSV annast einnig rekstur Sagnheima og Sæheima með sérstökum samningum við Vestmannaeyjabæ. Á þessu ári hefur ÞSV tekið að sér ný verkefni tengd ferðaþjónustu, atvinnumálum og nýsköpun og eykur það á fjölbætta starfsemi og skapar möguleika á verkefnum þar sem fagfólk innan ÞSV getur komið að með virkum hætti.

Að lokum þakkaði formaður starfsmönnum Þekkingarsetursins og stjórn fyrir gott og ánægjulegt samstarf á starfsárinu.

### **Skýrsla framkvæmdastjóra**

Árið 2016 var annasamt ár hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja en samhliða hefðbundinni starfsemi var lokið við að hanna nýja aðstöðu Þekkingarsetursins á annarri hæð Ægisgötu 2, bjóða út framkvæmdir og setja þær af stað. Á starfsárinu tóku einnig gildi þjónustusamningar við Samtök Sunnlenskra Sveitafélaga um atvinnuráðgjöf og við Vestmannaeyjabæ varðandi ferða- og markaðsmál og samkomulag um að Þekkingarsetrið tæki að sér umsjón með starfsemi Náttúrustofu Suðurlands. Þessi nýju verkefni kölluðu á endurskoðun á skipuriti ÞSV sem byrjað var að vinna eftir sl. sumar. Safnastarfið setti einnig svip sinn á starfseminum en sl. sumar var tekin upp ný gjaldskrá hjá Sæheimum ásamt því að gefinn var út safnapassi sem innihélt aðgöngumiða sem veitti 40% afslátt að öllum þremur söfnunum, Sagnheimum, Eldheimum og Sæheimum.

Fram kom í máli framkvæmdastjóra að Samningar við Vestmannaeyjabæ og SASS um atvinnuráðgjöf og umsjón með málefnum tengdum ferðamálum í Eyjum hafa útvíkkað og styrkt þjónustu Setursins við atvinnulífið og samfélagið verulega.

Ráðnir voru tveir starfsmenn í 1,5 stöðugildi. Verkefnin sem þessir starfsmenn sinna eru fjölbreytt og starfssvæðið í raun allt Suðurland. Dæmi um verkefni eru greining á innviðum og atvinnulífi Vestmannaeyja og sveitafélaga á Suðurlandi, rekstrarráðgjöf, greining og markaðsvinna fyrir Strætó á Suðurlandi og markaðsmál innan ferðaþjónustunnar. Samningurinn við SASS var endurnýjaður fyrir

árið 2017 og er í endurskoðun hjá Bygðastofnun fyrir árið 2018 en Bygðastofnun leggur til fjármagn til atvinnuráðgjafar.

Sumarið 2016 sló öll aðsóknarnet á fiskasafnið og ljóst að húsnæðið er löngu sprungið. Hin mikla aðsókn stafar fyrst og fremst af met fjölda ferðamanna til Eyja og hinum vinsæla Tóta sem á sér nú orðið aðdáendur út um allan heim. Til að mæta hinni miklu aðsókn hefur þurft að fjölga starfsfólki á vöktum yfir mestan annatímamann og opnað klukkustund fyrr á morgnanna. Ný gjaldskra tók gildi fyrir sumarið 2016, aðgangur fyrir fullorðna fór í kr. 1200 og tekið var upp 500 kr. gjald fyrir börn, 13-18 ára.

Eftir að Eldheimar opnuðu hafa Sagnheimar átt erfitt uppdráttar hvað aðsókn varðar. Enn meiri áhersla var sett á menningartengda viðburði, rannsóknir, skráningar og útgáfu ýmiskonar. Þessi áhersla safnsins og samstarf við aðra aðila innan safnahússins hefur skilað frábærum árangri og er mikil aðsókn á nær alla viðburði. Mikil vinna fór í að flytja safnmuni úr geymslum Fiskiðjunnar en þar voru munir geymdir við verulega slæmar aðstæður. Aðstaða Vestmannaeyjabæjar á annarri hæð Miðstöðvarinnar var útbúinn með hillurekkum og voru safngripirnir skráðir og raðað upp í hillurekka.

Hvað varðar rannsóknar og þjónustuhlutann þá var í samstarfi við Matis útbreiðsla Sæbjúgna gróflega metinn, siglt með starfsmenn Náttúrustofu Suðurlands út í hinar ýmsu eyjar til rannsókna á sjófuglum og í tengslum við námið Haftengd Nýsköpun var farið með krakka og leiðbeinanda á sjó til að leggja línu, gildirur og veitt á færi. Rannsóknir á atferli háhyrninga við Vestmannaeyjar eiga orðið langa sögu og hefur Þekkingarsetrið tekið virkan þátt í þeim. Ráðist var í að endurnýja siglingatæki í rannsóknarbátnum Friðrik Jessyni og bilun kom upp í utanborðsmótor tuðrunnar sem kallaði á viðhald.

Í fiskasafninu var að mestu venjulegt viðhald en jafnframt var vinna kláruð við að setja upp tvo stóra snertiskjái í fiskasafninu.

Mikil vinna fór í hönnun og undirbúning framkvæmda við Ægisgötu 2 eða í fyrirhugaðri aðstöðu ÞSV á annarri hæð hússins. Auglýst var eftir tilboðum í hönnun á aðstöðunni og bærust alls fjögur tilboð. Ákveðið var að ganga til samninga við Mannvit og Ask arkitekta. Fullgerðar teikningar og útboðsgögn lágu fyrir í byrjun júní og var þá hafist handa við að bjóða framkvæmdina út. Verkpættir voru boðnir út í sitthvoru lagi og því enginn yfirverktaki með verkið. Náðust samningar við Steina og Olla varðandi innanhúss frágang og milliveggi, Geisla með raflagnir, Steina Pípar með pípulagnir, GM múr með múrverk og Eyjablikk með loftræstinguna. Þórður Karlsson hjá Mannvit og Georg Skæringsson hafa haldið utan um framkvæmdina og annast eftirlit með verkinu. Vignir Skæringsson var síðan ráðinn í tímabundin verkefni í tengslum við hreinsun og ýmis aukaverk sem koma upp.

Rekstur Þekkingarsetursins gekk þokkalega á árinu en reksturinn skilaði hagnaði sem nemur 11,7 milljónum. Handbært fé frá rekstri var 4,3 milljónir og var handbært fé í lok árs 70,6 milljónir. Eigið fé og skuldir í lok árs 2016 voru 109 milljónir en langtímaskuldbindingar 39,9 milljónir.

Að lokum þakkaði framkvæmdastjóri stjórn og starfsfólki fyrir vel unnin störf á árinu 2016.

## 2.mál. Ársreikningur ÞSV 2016

Hafsteinn Gunnarsson, endurskoðandi frá Deloitte fór yfir ársreikninginn. Könnun Deloitte byggir á aðferðarfræði sem þróuð er af Deloitte og byggir á alþjóðlegum staðli ISRE 2400 um könnun ISA. Könnunin fól í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum Þekkingarsetursins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.

## Rekstrarreikningur ársins 2016

	<b>Árið 2016</b>
Heildartekjur	99.029.416
<i>Heildargjöld</i>	<i>89.497.006</i>
<b>Rekstarhagnaður</b>	<b><u>9.532.410</u></b>
Fjármagnstekjur netto námu samtals kr.	<u>2.204.984</u>
Hagnaður ársins	<u>11.737.394</u>

Fram komu í máli Hafsteins að uppsetningu ársreiknings hefur verið breytt til að draga betur fram tekjur og gjöld sviða ÞSV en nýtt skipurit var tekið upp á árinu 2016.

**Efnahagsreikningur 31. desember 2016.** Niðurstöðutölur efnahagsreiknings ÞSV 31. des. 2016 voru **kr. 108.790.560**. Þar af var eigið fé ÞSV **kr. 64.852.897**, í þeirri fjárhæð er stofnfé ÞSV kr. 7.700.000.

Aðrar skuldbindingar eru vegna S30 sem er dótturfélag ÞSV. Sú skuldbinding er 17,5 mkr og lækkar um 20 mkr. milli ára.

Langtímaskuldbindingar ÞSV vegna húsnæðismála lækka um 20 mkr. milli ára og verður þá 17,5 mkr. En það var samþykkt á aðalfundi ÞSV og S30 2016. Fyrirframgreidd leiga HÍ er kr. 14,8 millj. Önnur skuldbinding er verkefnaframlag frá Ríkissjóði vegna sjávarransóknna að fjárhæð 3,6 mkr og er hún óbreytt milli ára.. Einnig eru fyrirfram innheimtar tekjur vegna varðveislu Blátinds sem verður tekjufærð þegar kostnaður verkefnisins fellur til. Langtíma skuldbindingar 31. des. 2016 voru því alls **kr. 39.950.695**.

## Helstu breytingar á efnahagreikningi

Eignarhlutur í S30 fasteignafélagi ehf. er í árslok 2016 – 22 milljónir en félagið er í 100% eigu ÞSV. Hlutverk félagsins er að vinna að uppbyggingu framtíðarhúsnæðis Þekkingarseturs Vestmannaeyja og

leigutaka. Afkoma dótturfélagsins S30 fasteignafélags á árinu 2016 var neikvæð um kr. 613.419 og var eigið fé félagsins kr. 37.467.714.

Viðskiptakröfur ÞSV hafa hækkað um 8,3 mkr en að stærstum hluta er um að ræða viðskiptakröfu á S30 sem er dótturfélag ÞSV. Staðan í árslok 2016 er kr. 14,760.192.

Við könnun Deloitte kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. á árinu, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn, sem var saminn af Deloitte var einróma samþykktur ásamt skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra ÞSV.

### **3.mál. Kosning stjórnar og endurskoðenda**

Í stjórn ÞSV voru kjörin: Elliði Vignisson, bæjarstjóri, Sigurður Guðjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís ohf., Arnar Sigurmundsson, form. stjórnar Visku, Sæunn Stefánsdóttir, forstm. Fræðasetra Háskóla Íslands, Thelma Hrund Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri hjá Ísfélaginu hf. og Páll Guðmundsson, framkvæmdastjór hjá Huginn ehf.

Til vara: Ásdís Sævaldsdóttir, útgerð Bergs Ve. og Guðný Óskarsdóttir Drífandi stéttarfélagi.

Endurskoðendur voru kjörnir: Deloitte – endurskoðun.

### **4.mál. Þóknun til stjórnarmanna ÞSV**

Aðalfundurinn samþykkir að þóknun til stjórnarmanna ÞSV verði kr. 100 þúsund á mann fyrir liðið starfsár og 20 þúsund krónur fyrir hvern setinn stjórnarfund. Formaður stjórnar fái tvöfalda þóknun og varaform. 50% álag á þóknun stjórnarmanna, en þeir sitja báðir í framkvæmdaráði ÞSV ásamt framkvæmdastjóra. Þóknun til stjórnarmanna verður því óbreytt frá síðasta starfsári.

### **5.mál. Tillögur til breytinga á samþykktum ÞSV**

Engin tillaga til breytinga á samþykktum.

### **6.mál. Starfs- og rekstraráætlun ÞSV fyrir árið 2017**

Páll Marvin Jónsson, frkvstj. gerði grein fyrir rekstraráætlun ÞSV fyrir árið 2017. Fram kom í máli framkvæmdastjóra að á árinu 2017 verði áfram unnið eftir nýju skipuriti. Skipuritið gerir ráð fyrir þremur megin sviðum sem eru rekstrarlega aðskilin. Kjarnasvið fer með stjórnun, mannhald, umsjón, bókhald og rekstur húsnæðis að Strandvegi 50 ásamt því að þjónustuskrifstofa og stuðningur við aðrar stofnanir er rekin innann kjarnasviðs. Innan Safnasvið eru rekin tvö söfn, Sagnheimar og Sæheimar. Tveir safnstjórar starfa á sviðinu. Aðrir starfsmenn eru lausráðnir og koma þeir einkum inn þegar ferðamannatímabilið hefst. Fjölmörg menningartengd verkefni eru unnin á safnasviði. Stoðsvið hefur það hlutverk að vera stuðningur við atvinnulífið í formi ráðgjafar, rannsókna og fræðslu. Undir sviðið

fellur m.a. samningur við Vestmannaeyjabæ varðandi ferða- og markaðsmál og samningur við Samtök Sunnlenskra Sveitafélaga (SASS) um atvinnuráðgjöf.

Fram komi í máli framkvæmdastjóra að Þekkingarsetrið muni áfram styðja við bakið á Háskólanum í Reykjavík við námið Haftengd Nýsköpun sem fór af stað á síðasta ári. ÞSV mun áfram leggja til endurgjaldslaus afnot af skrifstofu fyrir umsjónarmann námsbrautarinnar, veita aðgengi fyrir nemendur að norðurstofu á 3. hæð Strandvegs 50, leggja til nettengingu og aðstoð þjónustuskrifstofu ÞSV við tilfallandi verkefni. Áætlað framlag til námsins á kennsluárinu 2017-2018 er 1,2 milljón í formi aðstöðu og vinnu.

Þann 1. Janúar 2017 tók í gildi þjónustu- og samstarfssamningur við Vestmannaeyjabæ vegna starfsemi Náttúrustofu Suðurlands. Með samningnum tekur Þekkingarsetur Vestmannaeyja að sér aukna þjónustu við Náttúrustofu Suðurlands og er stefnt að því að fjölga verkefnum NS og auka samstarfið við ÞSV á árinu.

Framkvæmdir við Ægisgötu 2 eru langt á veg komnar og stefnt er á að flytja inn í hið nýja húsnæði í lok árs 2017.

Heildartekjur árið 2017 eru áætlaðar kr. 102 milljónir og rekstrarkostnaður kr. 99 milljónir sem skiptist í launakostnað kr. 58,6 milljónir og annan kostnað kr 40,4 milljónir sem gerir áætlaðan tekjuafgang kr. 3 milljónir.

#### **7.mál. Helstu verkefni Hafrannsóknastofnunar rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna**

Sigurður Guðjónsson forstjóri Hafrannsóknastofnunar fór yfir helstu verkefni stofnunarinnar og stöðu mikilvægra nytjastofna við Íslandsstrendur. Að loknu fróðlegu erindi voru líflegar og málefnalegar umræður um starfsemi Hafrannsóknastofnunar og mikilvægi þess að stofnunin fái fjármagni til að halda úti haust og vetrarleiddöngum til að meta loðnustofnin.

Fleira ekki bókað - Fundarstjóri sleit fundi kl 12:00 og þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund.

Arnar Sigurmundsson, fundarstjóri

Páll Marvin Jónsson, fundarritari